

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað.

1864.
25. apríl.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar 23. febrúarm. f. á. kunngjörir stjórnarráðið yður hérmeð, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtid það, svo sem þörf er á, að hið síðasta ríkisþing ekki féllst á uppástungu þá, sem dómsmálastjórnin hlutadist til að sett væri í frumvarpið til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65, um að manntalsþingagjöldin í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem að undanfögnu hafa greidd verið eptir verði verðlagsskrárinnar á hörðum fiski, framvegis skuli greidd eptir meðalverði allra meðalverða, og ber því að heimta gjöld þessi á sama hátt og hingaðtil hefir átt sér stað.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald styrks, er Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hafði veittur verið úr fátækra sjóði Kaupmannahafnar.

29. apríl.

Í bréfi 23. nóvemberm. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf því, að fátækra stjórnin í Reykjavík hefir færzt undan að endurgjalda fátækra sjóð Kaupmannahafnar fátækra styrk þann, er ekkjan Guðrún Gunnlaugsdóttir fekk meðan hún dvaldist hér í borginni.

Eptir að búid er að skrifast á um þetta mál við innanríkisstjórnina, skal yður hérmeð kunngjört, að eins og hið fyrrverandi danska kansellí útaf fyrirspurn frá fátækra stjórninni í Kaupmannahöfn um það, hvar leita skyldi borgunar fyrir Íslendinga, þá er þeir yrðu þurfandi fátækra styrks og þeir eigi væru búnir að ávinna sér framfærslurætt í greindum stað, úrskurðaði í bréfi 17. júním. 1817, að í því efni ætti að snúa sér til hlutadeigandi amtmanns á Íslandi í því umdæmi, þarsem sannað yrði með réttarprófum, að þurfamaðurinn ætti framfærslurætt, þannig virðist dómsmálastjórninni vafalaust, að sú skylda eptir